

Siglingastofnun Íslands
Steingrímur Hauksson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2004020039
4200; 9310

Reykjavík, 31. mars 2004
/--

Efni: Sjóvörn við Ytri Bót á Flateyri, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 16. febrúar 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarnar við Ytri Bót á Flateyri, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 22. mars 2004, Fornleifavernd með bréfi dags. 25. mars 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. mars 2004. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 24. mars 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sjóvörn sé liður í að koma í veg fyrir landbrot við Ytri Bót á Flateyri, Ísafjarðarbæ. Um sé að ræða 100 m langa sjóvörn, efnismagn verði um 2.000 m³ og gert sé ráð fyrir að nota opna grjótnámu í Dagverðardal.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki á náttúruminjaskrá og ekki talið að þar sé að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóti sérstakar

verndar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð sjóvarna á 100 m löngum kafla við Ytri Bót á Flateyri, Ísafjarðarbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd tekur til afmarkaðs svæðis og er að mestu ofan fjöruborðs en mikilvægasta svæðið með tilliti til lífríkis er neðan stórstraumsfjöruborðs. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin hafi óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarnar við Ytri Bót á Flateyri, Ísafjarðarbæ séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. apríl 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Ísafjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun.